

## **Meðferð sameiningarferlis í stjórnkerfi Reykjavíkur.**

Komið þið sæl, ég heiti Bjarki Sigfússon og er faðir tveggja nemenda í Hamraskóla.

Mig langar að fara í nokkrum orðum yfir ferli tillagna starfshóps um greiningu tækifæra til samrekstrar og/eða sameiningar leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila. Ég vil taka það fram að hérna er ég að fjalla um tillögurnar í heild sinni, ekki bara þá sem snýr að flutningi unglíngadeildar Hamraskóla. Samkvæmt heimildum mínum sem eru að mestu fengnar úr fundargerðum á heimasíðu Reykjavíkurborgar, hefur á tímabilinu frá 10. Feb 2011 og til dagsins í dag verið fjallað um málið á:

- 5 fundum borgarstjórnar
- 10 fundum borgarráðs
- 12 fundum frístunda og skólaráðs, sem áður hét menntaráð,
- 1 fundi hverfaráðs Grafarvogs
- auk 2 opinna funda í Rimaskóla í mars 2011 og Foldaskóla í desember 2011

Þessir fundir eiga það allir sameiginlegt að bókuð hafa verið hörð mótmæli þeirra fundarmanna sem ekki tilheyra borgarstjórnar meirihlutanum, bæði gegn tillögunum sjálfum og gegn þeim vinnubrögðum sem beitt var við afgreiðslu tillagnana.

Fulltrúar minnihluta hafa beitt sér mjög í öllum þeim fundargerðum sem ég skoðaði og ítrekað reynt með ýmsum aðferðum að fá meirihlutan til þess að endurskoða hug sinn.

Þrátt fyrir rökstuðning í gagnrýni sinni þá er það því miður þannig að gagnrýni pólitískra andstæðinga er dæmd til að vera áhrifalítill þar sem pólitískir andstæðingar eiga það til að vera ósammála um flest. Enda hafa svör meirihlutans alltaf verið á sömu leið. Við þökkum ábendingarnar, og öllum þeim sem lögðu hönd á plóginn. Málið er unnið faglega af úrvals fólki. Með öðrum orðum, við heyrum hvað þið segið en ætlum ekki að gera neitt með það.

Það sama ætti hinsvegar ekki að vera uppá teningnum þegar kemur að gagnrýni fagaðila, í fundargerðum menntaráðs, sem nú heitir skóla og frístundaráð gera áheyrnarfulltrúar Barnanna okkar, SAMFOK, starfsfólks í leikskólum; Félags skólastjórnenda í Reykjavík; Kennarafélags Reykjavíkur og leikskólastjóra í Reykjavík ítrekað athugasemdir við tillögurnar og vinnubrögð.

Sem dæmi

### **9.2.2011 - - Fundur nr. 138 - Menntaráð**

- Verkefni Starfshóps kynnt
- Fulltrúi SAMFOK óskaði bókað að hægræðing sem fælist í tillögunum væri ekki augljós og að samráð hafi ekki verið haft við foreldra.
- fulltrúar meirihlutans óskuðu bókað að rökstuðningur væri hafður að leiðarljósi en vinnu hópsins væri ekki lokið og útreikningar lægju ekki fyrir.
- Fulltrúi félags skólastjórnenda óskaði bókað að töluverð óánægja væri innan raða þeirra félagsmanna með hvernig væri staðið að málum.

- Fulltrúar meirihlutans þökkðu ábendingar, en telja að unnið sé faglega og tekur undir með skólastjórum að vanda verður til verka, ekki síst í næstu skrefum þar sem mikilvægt er að starfsfólk, stjórnendur og foreldrar komi að frekari skoðun hugmyndanna.
- Fulltrúar minnihluta lögðu fram fyrirspurn um rannsóknir sem gerðar hafa verið á áhrifum sameininga og samsetningu rýnihópa.

### 16.3.2011 - - Fundur nr. 140 - Menntaráð

- Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa minnihlutans að boða til opinna og kynningar og samráðsunda í öllum hverfum hið fyrsta sem var frestað á fundi menntaráðs 26. janúar 2011 Tillögu vísað frá með 4 atkv. gegn 3.
- Fulltrúar minnihluta gagnrýna vinnubrögð og tala um sýndarmennsku á fyrirkomulagi þeirra funda sem haldnir hafa verið
- Fulltrúar meirihluta hafna gagnrýni og útskýra hvað gert hefur verið.
- Áheyrnarfulltrúar hagsmuna- og fagaðila í menntaráði hvetja borgarstjórn til að veita upplýsingar og taka mark á umsögnum. Faglegur og fjárhagslegur ávinningur af tillögum hafi ekki verið greindur og breytingar sem þvingaðar eru í gegn í andstöðu hagsmunaaðila séu ekki vænlegar til árangurs

### 6.4.2011 - - Fundur nr. 142 - Menntaráð

- Lagðar fram umsagnir skólaráða, foreldraráða, hverfisráða, ungmennaráða, sérfræðinga og stofnana um tillögur í skýrslu starfshóps
- Fulltrúar hagsmuna- og fagaðila í menntaráði hvetja borgaryfirvöld til að stíga varlega til jarðar, hlusta á gagnrýni og taka mark á umsögnum sem fram hafa komið.
- Fulltrúar meirihlutans segist vera að vinna að umsögn byggða á öllum gögnum málsins sem m.a byggir á umsögnum sem fram hafa komið. Umsögn verði síðan send borgarráði til endanlegrar afgreiðslu.

### 14.4.2011 - - Fundur nr. 143 - Menntaráð

- Lögð fram umsögn menntaráðsfulltrúa meirihlutans dags. 13. apríl 2011, um skýrslu starfshóps
- Fulltrúar minnihlutans segjast ekki geta fallist á umsögn meirihlutans og gangrýna harðlega viðhöfð vinnubrögð
- Fulltrúar meirihlutans segja umsögn sýna taka mið af umsögnum og ítreka þörf á hagræðingu
- Allri 6 áheyrnarfulltrúar hagsmuna- og fagfélaga í menntaráði leggja fram tillögu um að svarað verði fyrir hverja sameiningu og hvernig tekið var tillit til umsagna.
- Fulltrúi SAMFOK fagnar því að tekið sé af einhverju leiti tillit til umsagna og skólasamfélaginu í Efra-Breiðholti og Vesturbæ verði falið að leita bestu lausna. Á sama tíma er harmað að litið sé framhjá umsögnum skólaráða í Grafarvoginum.
- Fulltrúi félags skólastjórnenda fordæmir vinnubrögð starfshópsins og harmar að meirihlutinn skuli ekki taka mark á umsögnum hagsmunaaðila. sameining sé þvert á vilja þeirra sem spurðir voru.

Flutningi unglunga úr Húsaskóla og Hamraskóla er hafnað í skólaráðum beggja skólanna. Engu að síður stendur sú tillaga óbreytt.

- Fulltrúar meirihluta ítreka mikilvægi hagræðingar og að umsögn þeirra taki mið af umsögnum hagsmunaaðila.

#### **18.4.2011 - - Fundur nr. 144 - Menntaráð**

- Áheyrnarfulltrúi Félags skólastjórnenda í Reykjavík lagði fram tillögu um að hætt verði við allar sameiningar sem ekki er fullt samkomulag um í viðkomandi skólasamfélagi. Tillögu frestað

#### **4.5.2011 - - Fundur nr. 145 - Menntaráð**

- Lögð fram tillaga Áheyrnarfulltrúa Félags skólastjórnenda í Reykjavík um að hætt verði við allar sameiningar sem ekki er fullt samkomulag um í viðkomandi skólasamfélagi. sem frestað var 18.4.2011 Tillagan felld.

#### **11.5.2011 - - Fundur nr. 146 - Menntaráð**

- Lögð fram að nýju, tillaga allra 6 áheyrnarfulltrúa hagsmuna- og fagfélaga í menntaráði um að svarað verði sérstaklega fyrir hverja sameiningu, hvernig tekið var tillit til umsagna og þau gögn gerð opinber.
- Fulltrúar meirihluta lögðu fram frávísunartillögu á grundvelli þess að faglega hafi verið staðið að meðhöndlun umsagna. Því verklagi er lýst í fundargerð.

#### **12.3.2011 - Opinn fundur meirihluta með foreldrum í Rimaskóla**

- Fundurinn ályktaði að hafna alfarið tillögum meirihlutans

#### **14.3.2011 - - Fundur nr. 79 - Hverfisráð Grafarvogs**

- Umsögn vegna tillagna skólahóps. Bókanir frá besta og samfylkingu, íbúasamtökum, sjálfstæðisflokki, vinstri grænum.
- Fulltrúar meirihlutans ítreka þörfina á hagræðingu og ítreka að tillögur sem liggja fyrir séu til þess fallnar.
- Fulltrúar SF óska eftir að bóka að mikil andstaða sé við tillögurnar og mikið skorti á samstarf við hagsmunaaðila, og benda á ályktun frá fundi meirihlutans með foreldrum í Rimaskóla þann 12 mars þar sem tillögnum var alfarið hafnað.
- Fulltrúi VG tekur í sama streng og fulltrúar SF og ítrekar andstöðu hagsmunaaðila og þá hættu sem slíkur gassangur geti haft í för með sér.
- Fulltrúi íbúasamtaka Grafarvogs óskar að bóka að stjórn félagsins styðji bókun frá fundi í Rimaskóla þann 12 mars

Eins og heyra má af dæmum hér að ofan hafa tillögurnar verið gagnrýndar á öllum stigum málsins og meirihlutinn ítrekað verið beðinn að staldra við. Að mínu mati sína þessi dæmi glögggt að málið er keyrt

gegnum hvern fundinn á fætur öðrum í krafti meirihluta atkvæða án tillits til andstöðu eða varnaðarorða. Eða eins og borgarfulltrúar SF létu bóka fundi borgarráðs þann 18.04 2011 þegar ljóst var í hvað stefndi. **Þrátt fyrir að 12.000 íbúar hafi skorað á borgarstjórn, rúmlega 90#PR umsagna vegna málsins séu neikvæðar og ljóst sé að fjárhagslegur ávinningur sé alltof lítill miðað við áhættuna sem í tillögunum felst, hyggst meirihlutinn fullnaðarafgreiða tillögur um samrekstur í skólaumhverfi Reykjavíkur á fundi borgarstjórnar á morgun.**

Samkvæmt fundargerðum hefur meirihlutinn fengið fjölda tækifæra til þess að hætta við þessar tillögur með reisu, en ákvað að halda þeim til streitu þrátt fyrir skort á rökstuðningi og augljósa andstöðu fag og hagsmunaaðila. Ég skil ekki hvað býr hér að baki, en vil helst ekki trúá því að fulltrúi VG í borgarráði hafi hitt naglann á höfuðið þegar hún lét bóka á fundi borgarráðs þann 18.04 2011

**Það er miður að velferð barnanna í borginni skuli þurfa að líða fyrir pólitískt stolt, einstrengingshátt og þröngsýni kjörinna fulltrúa. Borgarbúar eiga betra skilið.**

Við erum því miður orðinn vön því að stjórnámál snúist meira um þetta pólitíska stolt en hagsmuni borgarana . Ég er þess fullviss að velgengni Besta flokksins í síðustu borgarstjórnarkosningum er að mestu leyti því að þakka að stór hluti kjósenda hafði fengið sig fullsaddan af stjórnámálamönnum og þeirra vinnubrögðum. Kjósendur Besta flokksins höfðu væntingar um ný vinnubrögð og nýjar áherslur. Sigmar Guðmundsson hélt því fram við Jón Gnarr í kastljósi um daginn að komið hefði í ljós að Besti flokkurinn hefði ekkert nýtt fram að færa og væri í raun farinn að haga sér eins og týpískur valdaflokkur, því hafnaði Jón með mörgum neium. Mér finnst meðferð þessa máls styðja þessa fullyrðingu Sigmars, vilji hagsmunaaðila er í það minnsta algerlega virtur að vettugi og málið ber þess sterk merki að meirihlutinn skynji þeta mál sem pólitíska orrustu við minnihlutan sem verði að vinnast óháð fórnarkostnaði, og alveg eins og í öðrum stríðum sem þeir fullorðnu heyja, verða börnin verst úti.

Takk fyrir